RANNSÓKNIR & GREINING
Icelandic Centre for Social Research and Analysis

Ungt fólk 2021 - Áskoranir og tækifæri

Tólf punktar til skoðunar og umhugsunar. Landsmeðaltal meðal nemenda í 8. – 10. bekk

1. Sem fyrr sjáum við mikilvægi þess að huga að verndandi þáttum og draga úr áhættuþáttum í lífi barna. Eins og starfsfólk Rannsóknar & greiningar benti á í vetur var útvera barna eftir að lögbundnum útvistartíma lauk of mikil og sýna niðurstöður fyrir landið sama mynstur nú og í október 2020. Það er auðvelt fyrir foreldra og nærsamfélagið að koma sér saman um að breyta því og standa saman.

2. Kannabisneysla hefur hækkað á landsvísu um 1,5% frá því í febrúar 2020 á meðal nemenda í 10. bekk. Vert er að benda á það að í 8. bekk er kannabisnotkun 2%, í 9. bekk 4% og 8% í 10. bekk.

3. Ölvun um ævina er lægri á meðal nemenda í 10. bekk í október 2020 en í febrúar 2021 sem gefur til kynna að frá því í Október hafi nemendur orðið ölvaðir.

4. Dagleg rafrettunotkun stendur í stað sem sýnir að þær aðgerðir sem gripið var til þegar að við sáum mikla aukningu eru byrjaðar að skila sér inn í hegðun barna. Þó hefur um þriðjungur barna í 10. bekk prufað rafrettur einu sinni eða oftar um ævina, í 9. bekk tæplega fjórðungur barna og í 8. bekk rúm 14%.

5. Rannsóknir & greining kannaði í fyrsta skipti notkun nikótínpúða í október 2020 og sýndu mælingar þá að neyslan væri mælanleg í öllum árgöngum. Í febrúar 2021 má sjá að hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk sem hafa notað niktótínpúða einu sinni eða oftar um ævina eykst um tæp 3 prósentustig bæði hjá strákum og stelpum, auk þess er mælanleg aukning á meðal nemenda í 8. og 9. bekk.

6. Einnig má merkja breytingar í andlegri líðan barna og ungmenna. Í 8. til 10. bekk eru færri nemendur sem segja staðhæfingar um andlega vellíðan eiga oft eða mjög oft við um sig síðustu 2 vikur fyrir könnun árið 2021 en í febrúar 2020. Auk þess eru færri sem meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða, á þetta við um bæði stelpur og stráka, þó sér í lagi stelpur. Í febrúar 2021 mátu 65% stráka í 10. bekk andlega heilsu sína góða eða mjög góða og 41% stelpna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 07.11.2026

7. Á landsvísu má sjá að hlutfall nemenda sem töldu sig fá nægan svefn á virkum dögum lækkaði í febrúar 2021 samanborið við árið 2020. Einnig má sjá að hlutfall nemenda sem sefur 7 klukkustundir eða minna er sambærilegt nú og í febrúar 2021 en þó mátti sjá að nætursvefn jókst á meðal allra árganga í október 2020.

8. Augljóst er að nú þurfa foreldrar og þeir sem vinna með börnum og ungmennum að koma sér saman um og fylgja eftir reglum um snjalltækja- og tölvunotkun barna. Nauðsynlegt er að umræðan færist frá eingöngu frá tíma varið við tæki yfir í innihald þess sem gert er á meðan börn eru í tækjum.

9. Mikilvægi þess að fræða börn og kenna þeim stafræn samskipti hefur aldrei verið meiri. Einnig má nefna mikilvægi þess að foreldrar virði aldurstakmörk samskiptamiðla, tölvuleikja og margmiðlunarefnis. Ýmis teikn eru á lofti um skaðlega notkun og má þarf nefna, stríðni, andstyggileg skilaboð, sendingar á nektar- eða ögrandi myndum og klámáhorf.

10. Ef litið er til nemenda í 10. bekk má sjá að 55% stráka horfa á klám einu sinni í viku eða oftar og 13% á hverjum degi eða nokkrum sinnum á dag. Ef litið er til stúlkna á sama aldri þá sýna niðurstöður að 10% horfa á klám einu sinni í viku eða oftar og 2% einu sinni á dag eða oftar.

11. Uggvænlegar niðurstöður um ögrandi eða nektarmyndarsendingar má greina á meðal nemenda í 8. til 10. bekk. Þannig segjast rúmlega helmingur stelpna í 10. bekk verið beðnar um að senda slíkar myndir og rúmlega 30% hafa sent slíkar myndir. Rúm 49% stúlkna í 9. bekk og 30% stelpna í 8. bekk hafa verið beðnar um slíkar myndir og 23% stelpna í 9. bekk hafa sent slíka mynd og tæp 10% í 8. bekk. Strákar hafa einnig verið beðnir um að senda ögrandi mynd eða nektarmynd, tæplega 10% í 8. bekk, 14% í 9. bekk og 24% í 10. bekk. Að sama skapi hafa tæplega 5% í 8. bekk, 9% í 9. bekk og 15% í 10. bekk sent slíka mynd.

***

Skjal sótt af '00000000000' dags: 07.11.2026